

ar. "Hvað þú ert væn að vera kominn", og horfði munaðstjúkuni augum á hana. "Ég er dálítið seinni en ég ætlaði mér, en ég veit að þú fyrirgefur mér það. Mér var ómögulegt að gera að því".

"Ég hef ekkert að fyrirgefa, Mr. Melton", svaraði stúlkan í titrandi málrómi, og dökku augun hennar horfðu ofan á gólfid og færðist roði í kinnar þennar.

"Mr. Melton!" át hann eftir henni með óánægju, Mr. Melton. "Er þetta rétta aðferðin að heilsa þeim manni, sem verður eiginmaðurinn þinn innan klukkustundar. O kæra Alice mín! Hvað hefir komið fyrir sem hefir breytt þér svona alt í einu? Seinast þegar við sáustum kallaðir þú mig: "elsku Frank þinn og varst hvorki köld eða fálát í viðmóti, en nú kallar þú mig Mr. Melton, og lítur ekki einu sinni á mig, við verðum eftir klukkutíma hér frá gefin saman í hjónaband. Hvernig stendur á þessu?"

"Fyrirgefðu mér Frank", sagði stúlkan í biðjandi málrómi og fylltust augu hennar tárur. Þú getur ekki skilið hvaða baráttu ég hef haft við að stríða, á milli ástar og skyldu því ef þú gætir fmyndað þér það myndir þú vorkenna mér. Ég get ekki